

1927

Föstudaginn 1. september 1995.

Nr. 289/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Tómasi Jakobi Sigurðssyni

(Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. ágúst 1995, sem barst réttinum 28. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 9. október 1995, en til vara, að hinn kærdi úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærdi úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð þennan réttilega til Hæstaréttar, sbr. 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Koma því framangreindar kröfur hans ekki til álitá.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá brotum þeim, sem varnaraðila eru gefin að sök. Ber að fallast á, að nægilega rökstuddur grunur beinist að honum til þess að telja fullnægt skilyrðum til gæsluvarðhalds á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald lýtur að þrettán innbrotum á tímabilinu júní til ágúst 1995, sem varnaraðili er sakaður um aðild að. Samkvæmt sakavottorði varnaraðila hefur hann á árunum 1979 til 1993 hlotið fjórtán refsidóma, þar af tólf fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. Af framangreindum ástæðum er einnig nægilegt tilefni til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður krafa sóknaraðila því tekin til greina og varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 9. október 1995.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Tómas Jakob Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 mánudaginn 9. október 1995.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1995.

Ár 1995, föstudaginn 25. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991, að Tómasi Jakobi Sigurðssyni, kt. 060762-5709, Hraungerði við Suðurlandsveg, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 9. október 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn lögreglu beinist að innbrotum, sem framin voru á tímabilinu 20. júní til 17. ágúst sl. og hún hefur haft til rannsóknar undanfarið. Um er að ræða eftirfarandi innbrot:

Innbrot í Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík, 8. júlí sl., þar sem stolið var meðal annars tölvu, altarissetti, hökli og útvarpi.

Innbrot í afgreiðslu Landsbanka og útibú Pósts og síma í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, á tímabilinu 11.–14. ágúst sl. Ekki tókst þjófunum að opna peningaskáp bankans, en úr póstaafgreiðslunni var hins vegar stolið frímerkjum, að verðmæti u. þ. b. 90.000. kr.

Innbrot í Hótel Bifröst í Borgarfirði aðfaranótt 16. ágúst sl., þar sem stolið var u.þ.b. 420.000 kr. í peningum, ávísunum og greiðslukortanótum auk smáhluta.

Innbrot á Hólmavík aðfaranótt 17. ágúst sl., þar sem stolið var u. þ. b. 200.000 kr. í peningum og 50.000 kr. í ávísunum, kortakvittunum fyrir u. þ. b. 151.000 kr., tóbaki, að verðmæti u. þ. b. 316.000 kr., haglaskotum, tveimur ferðatækjum með geislaspilurum, þráðlausum síma, rakvél, úrum, vasatölvum o. fl.

Innbrot í verslun Kaupfélags Steingrímsfjarðar, Drangnesi, aðfaranótt 17. þ. m., þar sem stolið var u. þ. b. 200.000 kr. í tékkum og peningum, tóbaki, að verðmæti u. þ. b. 120.000 kr., og geisladiskum og kassetum, að verðmæti rúmlega 200.000 kr.

Innbrot í bensínafgreiðslu Skeljungs, Drangnesi, aðfaranótt 17. þ. m., þar sem stolið var 31.552 kr. í peningum.

Innbrot í Hraðfrystihús Hólmadrangs hf., Drangnesi, þar sem stolið var tölvu ásamt fylgihlutum og prentara.

Stuldur loftpressu úr nýbyggingu við Kleppsveg 62, Reykjavík, sem tilkynnt var um 20. júní sl.

Innbrot aðfaranótt 6. ágúst sl. á vélaverkstæði Síldarvinnslu Neskaupstaðar í Neskaupstað, en þaðan var stolið 50–100.000 kr., þremur símum og tveimur talstöðvum.

Innbrot aðfaranótt 15. ágúst sl. í verslun Skeljungs hf., Seljabót 1, Grindavík, en þaðan var stolið u. þ. b. 50.000 kr., ávísanahefti, faxtæki, tölvu, símboða, nokkrum vinnugöllum og skiptimynt.

Innbrot aðfaranótt 15. ágúst sl. í verslun Olúfélagsins hf., Essó, Seljabót 4, Grindavík, en þaðan var stolið tölvu, faxtæki, útlarpstæki, bílahátalara-settum, skotum, ýmsum smáhlutum og stimplum.

Innbrot á skrifstofu sýslumannsins í Keflavík-Grindavík 15. þ. m., en þaðan var stolið 183.700 krónum.

Með úrskurði, sem var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 18. ágúst sl., var kærða samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til dagsins í dag kl. 16.00. Var það meðal annars niðurstaða dómsins, að grunur lögreglu um aðild kærða að innbrotum, sem framín voru á tímabilinu 8. júlí til 17. ágúst sl. í Kirkjuhúsið að Laugavegi 31, Reykjavík, Hótel Bifröst í Borgarfirði, Kaupfélag Steingrímsfjarðar á Hólmavík, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi, bensínafgreiðslu Skeljungs, Drangnesi, Hraðfrystihús Hólmadrangs hf., Drangnesi, og í bankaútibú Landsbankans og útibú Pósts og síma í Þykkvabæ, Rangárvalla-sýslu, væri rökstuddur. Sú niðurstaða stendur.

Grunur lögreglu um, að kærði eigi aðild að stuldi loftpressu, sem stolið var frá fyrirtækinu Húsvirki hf. úr nýbyggingu við Kleppsvæg 62 í Reykjavík, er reistur á því, að slík vél fannst á innbrotsvettvangi í Þykkvabæ 14. ágúst sl. Ber sú vél sama raðnúmer og vélín, sem fyrrnefnt fyrirtæki keypti í apríl sl., og hefur verkstjóri fyrirtækisins borið kennsl á vélina, og jafnframt, að hún sé vélín, sem stolið var.

Grunur lögreglu um aðild kærða að innbrotinu á vélaverkstæði S.V. N. við Eyrargötu í Neskaupstað er reistur á því, að kærði hafi verið staddur í Neskaupstað á þeim tíma, sem brotist var inn, en farið á brott í skyndi um kl. 7.00 sama morgun. Utan við glugga þann, er innbrotshjófurinn fór inn um, fannst enn fremur leðurveski, sem kærði hefur viðurkennt, að sé sín eign, og að hann hafi verið með það í för sinni í Neskaupstað. Kærði hefur ekki gefið skýringu á því, hvers vegna veskið fannst þarna, en hann telur, að hann hafi tapað því í miðbæ Neskaupstaðar laugardagskvöldið 5. ágúst sl.

Grunur lögreglu um aðild kærða að innbrotinu í verslun Skeljungs hf. í Grindavík er byggður á því, að við leit í bifreið kærða, R-65965, Daihatsu Charade, 17. ágúst sl. hafi fundist faxtæki og boðtæki, sem stolið var í því innbroti.

Grunur lögreglu um aðild kærða að innbroti í verslun Olúfélagsins hf., Essó, í Grindavík er studdur því, að hluti þýfisins hafi fundist við leit lögreglu í kjallaraherbergi að Stóragerði 10, Reykjavík, en þar hafi einnig fundist fingraför kærða.

Grunur lögreglu um aðild kærða að innbroti á skrifstofu sýslumannsins í Keflavík-Grindavík er reistur á því, að við leit í fyrrnefndu herbergi að Stóragerði 10 hafi fundist tvö kúbein, sem nú eru til rannsóknar hjá RLR, og segir lögreglan, að gerð verði samanburðarrannsókn á verkfæraförum á vettvangi og þeim förum, sem kúbein valda.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og gætu því varðað kærða fangelsi. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og rannsóknargagna málsins þykir grunur lögreglu um aðild kærða að framangreindum brotum rökstuddur, en neitun hans um aðild að fyrrnefndum brotum þykir ótrúverðug og einnig skýring hans á þýfi, er fannst í bifreið hans. Þá er einnig haft í huga, að kærði hefur borið, að hann hafi framfleytt sér í sumar með sölu gamalla muna, sem hann hafi safnað að sér undanfarin ár, í Kolaporti.

Fyrir réttinum lagði deildarstjóri rannsóknarlögreglunnar áherslu á það, að kærði lægi undir grun um að hafa einn eða í félagi við aðra staðið að framangreindum innbrotsháttum og veruleg hættu væri á, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins með því að koma undan munum og hafa samband við samseka og hugsanleg vitni, en lögreglan telur, að mikill hluti þýfisins sé kominn í hendur einstaklinga, er gætu átt hlutdeild í þeim brotum, sem kærði er grunaður um.

Lögreglan á enn eftir að finna að minnsta kosti 1.000.000 kr. í reiðufé auk ýmissa muna úr þeim innbrotum, sem kærði er grunaður um. Rannsókn máls þessa er umfangsmikil, og er henni enn ólokið. Í ljósi þessa er fallist á það með lögreglu, að ástæða sé til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, svo sem með undanskoti þeirra fjármuna, sem enn er leitað, og haft áhrif á samseka eða vitni, ef hann væri frjáls ferða sinna.

Með hliðsjón af sakavottorði kærða, þar sem fram kemur, að hann fékk síðast dóm fyrir auðgunarbrot árið 1991 og síðast dóm fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga árið 1988, þykir ekki unnt að fallast á það með rannsóknarlögreglu, að brotaferill kærða sé með þeim hætti að ætla megi að hann muni halda áfram brotum, meðan málum hans er enn ólokið, og verður kærði því ekki úrskurdaður í gæsluvarðhald á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því rétt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 6. september nk. kl. 16.00.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Tómas Jakob Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. september nk. kl. 16.00.
